Júlí 2025

Hvatarblaðið

Fundargerðir

Sveitarstjórn
594. fundur

Sveitarstjórn
595. fundur

Fjallkona Grímsnes- og Grafningshrepps 2025
Erla María Kristinsdóttir

Hátíðarhöld 17. júní 2025

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur stóð að hátíðardagskrá á Borg í tilefni þjóðhátíðardags Íslendinga, 17. júní 2025.
Atvinnu- og menningarnefnd sá um skipulagningu og framkvæmd með dyggri aðstoð starfsmanna sveitarfélagsins.

Dagskráin hófst með vígslu nýs strandblaksvallar þar sem Hvatarínur spiluðu eina hrinu. Þá tók við skrúðganga frá bensíndælunum við Gömlu Borg að torginu við stjórnsýsluhúsið á Borg og hátíðardagskrá.

Hátíðarræðan var flutt af Laufeyju Guðmundsdóttur, sýningarstjóra Jarðhitasýningarinnar Hellisheiðavirkjun og kvenfélagskonu. Lesa má ræðuna í þessu Hvatarblaði.

Fjallkona ársins var Erla María Kristinsdóttir en sú athöfn er í höndum Kvenfélags Grímsneshrepps. Erla María las náttúruljóð eftir Lilju Sólveigu Kristjánsdóttur. Heiðursvörð stóð skáti úr Skátafélagi Sólheima – Brynjar Reynisson.

Hvatningarverðlaun fyrir heilsueflandi starf í sveitarfélaginu voru veitt til Félags 60+ fyrir framtak sitt að draga úr félagslegri einangrun eldri borgara, með reglulegum gönguferðum í vor og halda viðburði á borð við hittinga á bókasafni. Sigrún Reynisdóttir sem er í stjórn félagsins tók við verðlaununum.

Útidagskrá endaði með frábæru söngatriði frá Guðbjörgu Emmu og Halla Valla sem fluttu nokkur lög.

Að því loknu var fjölbreytt skemmtun fyrir alla aldurshópa. Brunavarnir Árnessýslu voru með slökkviliðsbíl til sýnis. Hoppukastalar og leikir voru í íþróttasal og unglingar í vinnuskólanum unnu hörðum höndum við að sinna gæslu þar inni.

Í Félagsheimilinu Borg var glæsilegt kökuhlaðborð á vegum Kvenfélags Grímsneshrepps. Hægt var einnig að skoða listasýningu leikskóladeildar Kerhólsskóla,
"Landið mitt Ísland" og fara í andlitsmálun.

Atvinnu-og menningarnefnd þakkar öllum samstarfsaðilum og þeim sem lögðu hönd á plóg.

Anna Katarzyna Wozniczka, Bryndís Eðvarðsdóttir og Þorkell Þorkelsson

Hátíðarræða flutt af Laufeyju Guðmundsdóttur þann 17. júní í Félagsheimilinu Borg

Gleðilega hátíð!

En þori ég, vil ég, get ég?
Já, ég þori, get og vil.

Þetta var sungið á Lækjartorgi í fyrsta sinn fyrir 50 árum síðan, þar sem um 90% kvenna landsins lögðu niður launuð og ólaunuð störf og gegnu fylltu liði á Lækjartorg til að sýna fram á mikilvægi starfa þeirra og krefjast sömu réttinda og launa og karlar. Því er árið í ár kallað Kvenna ár - ár þar sem baráttan gegn kynbundnu ofbeldi og vanmati á framlagi kvenna og kvára nær nýjum hæðum.

Á þessum 50 árum höfum við sem samfélag áorkað mikið í jafnréttisbaráttunni og hefur jafnréttið aukist til muna, nú þykir sjálfsagt að við höfum konu sem forseta, forsætisráðherra, oddvita, sveitarstjóra og biskup sem dæmi, störf sem flestum fannst eðlilegt og sjálfsagt að aðeins karlmenn gætu sinnt.

En hvaðan kemur þessi viðhorfsbreyting í samfélaginu? Hún kemur með fólki sem þorir að skora á normið, fólki sem sýnir hugrekki til að breyta samfélaginu með frumkvæði, og fólki sem eru fyrirmyndir.

Í mínu lífi hef ég átt margar og fjölbreyttar fyrirmyndir. En fremstar þar í flokki af öllum öðrum ólöskuðum eru það ömmur mínar tvær, amma Gugga og amma Dóra. Ég var svo heppin að fá að kynnast og umgangast þessar tvær valkyrjur, hvor með sína eiginleika. En hvað kenndu þær mér?

Amma Gugga er fyrir mér táknmynd seiglunnar. Hún upplifði það um ævina að fá fimm sinnum heilablóðfall og það fyrsta þegar hún gekk með föður minn og gat því ekki sinnt honum fyrstu 6 mánuði ævi hans.

En hún var ákveðin kona, hún reis upp og sagði „ég skal“ tók við barninu af systur sinni sem hafði séð um hann á sjúkrabeði hennar. Hún hélt heimili með þremur drengjum og varð ekkja 16 árum síðar þrátt fyrir veikindin sín með tilheyrandi málhelti og lömun.
Hún lét sín veikindi ekki stoppa sig í að halda áfram lífinu, þó að „auðveldasta“ leiðin hefði verið að sætta sig við veikindin og láta aðra sjá um heimilið og uppeldið. Þegar ég lendi í erfiðleikum í lífinu þá hugsa ég til

ömmu Guggu og hugsa um seigluna sem hún bjó yfir, „ég skal“, og held áfram með kraftinn hennar með mér.

Svo var það hin amma mín hún Dóra á Stærri-Bæ sem var kvenskörungur og þótti vænt um samfélagið. Amma Dóra bjó yfir miklum krafti og var mikill frumkvöðull, hún var alltaf tilbúin að aðstoða ef á þurfti að halda. Hún var ötul félagskona í Kvenfélaginu, hún stóð að stofnun Skógræktarfélagsins hér í sveit og kom sem dæmi að gróðursetningu flestra þeirra trjáa sem eru hér á Borg við íþróttavöllinn og bakvið skólann.

Ég var svo heppin að fá að vera að skottast í kringum hana og með henni í fjölbreyttum verkefnum sem hún tók sér fyrir hendur, hvort sem það var að fara með inn í Þórsmörk með eldri borgarana, gróðursetningu hér á Borg eða við Ljósafossskóla eða aðstoða við tombólu kvenfélagsins. Hún sagði að manni bæri skylda að taka þátt í viðburðum sem ættu sér stað í samfélaginu því það væru alltaf einhverjir sem eru búin að gefa tímann sinn og vinnu í verkið.

Ef ég dreg saman hvað ég tek frá þessum tveim konum inn í mitt líf er seigla, frumkvæði og kraftur sem ég nýti mér óspart í lífinu.

Það er nefnilega alltaf hægt að velja sér viðhorf í lífinu, við getum valið að vera bara í status quo eða við getum stigið inn í hugrekkið og breytt til og jafnvel haft þannig áhrif á samfélagið okkar.
Það þarf hugrekki sem dæmi að ákveða að efla og stækka sveitarfélagið eins og verið er að vinna að með stækkun Borgarsvæðisins.

Það þurfti hugrekki hjá kvenfélagskonunum á níunda áratuginum að ákveða og fara út í það verkefni að fjármagna og byggja sér sumarhús. En félagið fékk að gjöf landskika við Álftavatn frá sveitarfélaginu. Það hefði verið auðveldast að selja lóðina en nei þessar öflugu konur ákváðu að „baka bústað“ og fjármagna þannig bygginu sumarhússins. Þær fóru mýmargar ferðir til Reykjavíkur að selja bakkelsi og brodd og á endanum voru þær búnar að fjármagna byggingu á Mörkinni, sumarhúsi félagsins.

Þetta er ekki eina dæmið sem kvenfélagskonur hafa tekist á við stór verkefni. Félagskonur réðust í það stóra verkefni í tilefni 100 ára afmæli kvenfélagsins árið 2019 að rita sögu félagsins og gefa hana út í bók, það

þurfti hugrekki að ráðast í það verkefni sem er ekki bara dýrmætt fyrir félagið heldur samfélagið í heild að geta flett upp í sögunni.
Unnur Halldórsdóttir hefur ort fjölmargar vísur og kvæði um starfsemi kvenfélagsins sem lýsir krafti, hugrekki og elju kvenfélagskvenna í gegnum árin.
Dæmi um það eru vísur um kvenfélagsreiðtúrinn sem farið var í árið 1974 og langar mig að lesa upp fyrstu og síðustu vísurnar sem að mínu mati ramma inn þann kraft sem býr innan kvenfélagskvenna:

Kvenfélagsreiðtúrinn í Grímsnesi 1974
Eftir Unni Halldórsdóttur
Fyrsta erindið:

Það var kátt hérna í sumar í kvenfélagstúrnum
er kerlingaskarinn var vakinn af dúrnum
og hún Dóra á hestbak þær dreif.
Hún taldi að kvenþjóðin kynni að ríða
og karlarnir mættu nú aldeilis bíða,
að svo búnu í beislið hún þreif.
…..
Lokaerindið:
Og með reiðtúrnum höfum við sýnt bæði og sannað
að svoleiðis sport verður konum ei bannað,
svona er kvennanna kjarkur og þor.
Í Fótastokk munum við inngöngu óska
þar aukast mun félagsins völlur og gróska.
Skyldi fæðingum fjölga í vor?

Ég legg það svo í ykkar hendur að kynna ykkur kvenfélagsreiðtúrinn í heild sinni með því að lesa bókina Kvennanna kjarkur og þor sem inniheldur 100 ára sögu Kvenfélags Grímsneshrepps.

Að lokum vil ég segja:
Sýnum kjark og þor, höldum áfram að vaxa sem einstaklingar og samfélag.

Góðar stundir



Myndir frá 17. júní 2025

Myndir frá 17. júní 2025



Sumarleyfi

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verður lokuð vegna sumarleyfa frá 21. júlí til og með 8. ágúst 2025

Næstu fundir sveitarstjórnar verða haldnir þann 15. júlí og 20. ágúst 2025 klukkan 9:00.

Sumarfrí

Kæru eldri borgarar við minnum á
að Mötuneyti sveitarfélagsins
er komið í sumarfrí og
opnar aftur 11. ágúst 2025

Kvenfélag Grímsneshrepps

Grímsævintýri

Grímsævintýri á Borg, 23. ágúst 2025

Fjölskylduhátíð, tombóla, markaður!

Ert þú með handverk eða framleiðslu
sem þú vilt selja eða koma á framfæri?
Endilega pantaðu þá borð á markaðnum í Félagsheimilinu á Borg
Lítið borð: 4.500kr. Stórt borð 5.500 kr.

Borðaskráning fer í gengum vefverslun Abler.
Smelltu hér til að panta borð
Hægt verður að fylgjast með viðburðinum á Facebook -
Grímsævintýrin á Borg

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

FÉLAG 60+ MINNIR Á GÖNGUNA Á KALDÁRHÖFÐA

ÞRIÐJUDAGINN 15.JÚLÍ KL 13:00

FREKARI UPPLÝSINGAR INN Á FACEBOOK HÓP FÉLAGSINS

Vel heppnuð gönguferð Félags 60+ á Sólheimum

Gönguhópurinn við upphaf göngunnar.

Þriðjudaginn 10. júní stóð Félag 60+ fyrir vel sóttri og ánægjulegri gönguferð um hið fallega umhverfi á Sólheimum. Þrátt fyrir svokallað íslenskt sumarveður – léttan úða en hægviðri – mættu um 20 félagar til leiks og nutu góðrar samveru og fræðslu í náttúrulegu og menningarlegu umhverfi.

Gengið var hinn vinsæli Flóðahringur, og var Reynir Pétur sérstakur gestur ferðarinnar. Að lokinni göngu fengu þátttakendur fróðlega kynningu á tómataræktun í gróðurhúsinu á Sólheimum, auk þess sem litið var inn í skógræktastöðina Ölur þar sem áhugaverð starfsemi var kynnt.

Í lok ferðarinnar safnaðist hópurinn saman á kaffihúsinu Græna kannan, þar sem boðið var upp á veitingar og notalegt spjall í hlýlegu umhverfi.

Félagið þakkar öllum sem mættu kærlega fyrir þátttökuna og minnir á næstu gönguferð sem verður farin á Kaldárhöfða þriðjudaginn 15. júlí kl. 13:00. Vonast er til að sjá sem flesta í góðum félagsskap og útivist.

Nýr strandblaksvöllur kominn á Borg – opinn öllum

Nú er komið nýtt tækifæri til útivistar og hreyfingar á Borg – glænýr strandblaksvöllur hefur verið settur upp og er öllum íbúum sveitarfélagsins, sem og gestum og gangandi, frjáls til afnota.

Völlurinn er staðsettur á aðgengilegu svæði bakvið íþróttamiðstöðina á Borg og býður upp á frábært tækifæri til að njóta hreyfingar í sumarblíðunni, hvort sem er með fjölskyldu, vinum eða félagasamtökum. Engin skráning er nauðsynleg – fólk getur einfaldlega mætt og notað völlinn þegar hann er laus. Framkvæmdum er ekki full lokið – á planinu er að setja upp lýsingu á svæðinu með ljósastaurum. Hins vegar, þar sem veðurspáin lofaði björtu og blíðu, var ákveðið að opna völlinn strax og bjóða fólki að njóta hans nú þegar.

Sveitarfélagið hvetur alla til að nýta sér þessa nýju aðstöðu, en minnir jafnframt á mikilvægi góðrar umgengni. Við biðjum notendur að ganga snyrtilega um svæðið, skilja ekki eftir rusl og fara vel með búnaðinn svo völlurinn nýtist sem lengst fyrir alla.
Við hlökkum til að sjá fjölbreytta hópa nýta sér völlinn í sumar – hvort sem það eru léttar æfingar, vinalegir leikir eða skipulögð mót.

Njótið útivistarinnar og látum strandblakið verða skemmtilegan hluta af sumarstemningunni á Borg!

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI GRÆNU KÖNNUNNAR OG VÖLU

ALLA DAGA

11:00 - 17:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00

MINNUM Á MENNINGARVEISLU SÓLHEIMA.
SJÁ DAGSKRÁ Í HREINDÍSI.

HREINDÍS 2025

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2025

júní/júlí	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
júní/júlí	Samverustund í Alviðru
ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
23. ágúst	Grímsævintýri
11. sept.	Haustfundur
4. okt.	Skiptimarkaður
30. okt.	Grímuball
23. nóv.	Jólabingó
27. nóv.	Jólafundur

Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

1919 Kvenfélag Grímsneshrepps

JÞ Verk
Jarðvinnuverktaki

Nú er árið 2025 gengið í garð og komið að því að bóka niður verkefni fyrir komandi vor og sumar í Grímsnesi og nærliggjandi svæðum.

- Tökum að okkur allt frá upphafi framkvæmda og að síðasta frágangi umhverfis hús og lóðarvinnu.
- Vegir og plön
- Húsgrunnar
- Fyllingar í púða og sökkla
- Lagnaskurðir
- Fleygun
- Drenlagnir
- Niðursetning rotþróa
- Göngustígagerð
- Almenn lóðavinna
- Girðingavinna
- Bíla og tækjaflutningar
- Og margt fleira
- Til verkefna höfum við eftirfarandi tækjabúnað.
- Gröfur frá lítilli 2,8 tonna beltavél upp í 35 tonn
- Fleygar á 2,8 - 8,5 og 25 tonna vélar
- Vörubíla og dráttarvél til efnisflutninga
- Vélhjólbörur
- Jarðvegstætara á dráttarvél fyrir þýft land
- Jarðvegsþjöppur
- Hæðarlaser
- Vatnsdælu
- Keðjusög
- Steinsög, brotvélar og ýmis önnur verkfæri.

Ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar spurningar í síma 848-1123 í skilaboðum eða á johannes@jthverk.is

Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN

Grímsnes- og Grafningshreppur og Leikfélagið á Sólheimum undirrita samstarfssamning

Þorvaldur og Fjóla við undirskrift

Þann 12. júní 2025 var formlega undirritaður samstarfssamningur milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Leikfélagsins á Sólheimum. Undirritun fór fram á Sólheimum þar sem Fjóla Steindóra Kristinsdóttir sveitarstýra og Þorvaldur Kjartansson, formaður leikfélagsins, skrifuðu undir fyrir hönd aðila. Samningurinn er gerður með það að markmiði að efla enn frekar leiklistarstarfsemi á svæðinu og bjóða nemendum Kerhólsskóla að leiksýningum leikfélagsins sér að kostnaðarlausu.
Samningurinn styður enn frekar við þá mikilvægu menningarstarfsemi sem leikfélagið stendur fyrir og fellur vel að 95 ára afmæli Sólheima sem haldið er upp á í ár. Sveitarfélagið fagnar þessu mikilvæga samstarfi og hlakkar til að styðja áframhaldandi þróun leiklistarstarfs á svæðinu til framtíðar.

Tónleikadagskrá – Menningarveisla Sólheima 2025

Tónleikar hefjast klukkan **14:00** og eru í **Sólheimakirkju.**
Ef aðstæður og veður leyfir gætu þeir verið á **Pétursstorgi.**

Græna kannan / Íþróttaleikhúsið
7. júní - kl. 14:00
Sólheimastærnur
Hópurinn samanstendur af íbúum og starfsfólki Sólheima

Lokið



Sólheimakirkja
19. júlí - kl. 14:00
Beggi Sóldögg



Sólheimakirkja
14. júní - kl. 14:00
Byjólfur Kristjáns

Lokið



Sólheimakirkja
26. júlí - kl. 14:00
Örn Árna og Jónas Þórir
Léttir sprettir

Sólheimakirkja
21. júní - kl. 14:00
Jónas Sig

Lokið

Sólheimakirkja
2. ágúst - kl. 14:00
Björn Thoroddsen og Jónas Þórir
Bítlar í bland við íslensk lög



Sólheimakirkja
28. júní - kl. 14.00
Ragga Gröndal og Gumni

Lokið



Sólheimakirkja
9. ágúst - kl. 14:00
Af fingrum fram

Íþróttaleikhús
5. júlí - kl. 14:00
Þar sem sólin á heima
Hátíðarsýning í tilefni af 95 ára afmæli Sólheima
Leikfélag Sólheima og gestir, Björgvin Franz og Diddú

Sólheimakirkja
16. ágúst - kl. 14:00
Sigga og Grétar
Í léttri sveiflu

Sólheimakirkja
12. júlí - kl. 14.00
Friðrik Dór



Sólheimakirkja
23. ágúst - kl. 14:00
KK
Á rólegum nótum

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN Borg

sumaropnun

1. júní 2025 -18. ágúst 2025

Mánudaga - fimmtudaga kl. 10:00 - 21:30

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS LINDA SVERRISDÓTTIR	ÁBYRGÐARMAÐUR ÞÓRLEIF HOFFMANN GUNNARSDÓTTIR
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is	https://www.gogg.is/